

AUGLÝSING

um deiliskipulag Græuborgarhverfis, 1. áfanga í Sveitarfélaginu Vogum.

Með vísan til ákvæða skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga þann 3. apríl 2008 samþykkt deiliskipulag 1. áfanga Græuborgarhverfis.

Gert er ráð fyrir allt að 233 íbúðum innan deiliskipulagsins í einbýlis-, rað-, par- og fjölbýlishúsum.

Greinargerð og upprættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Vogum, 2. maí 2008.

F.h. bæjarstjórnar,

Róbert Ragnarsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 29. maí 2008